



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 2. febrúar 2022

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Minnisblað

Tillaga að breytingu á fyrirkomulagi starfs-/skipulagsdaga í leikskólum Hafnarfjarðar

Á skólaárinu 2021-2022 var voru sex starfs-/skipulagsdagar í leikskólum Hafnarfjarðar, en síðustu árin þar á undan voru þeir fimm dagarnir höfðu verði til þar til ráðstöfunar. Þrír þessara daga hafa verið sameiginlegir með grunnskólum Hafnarfjarðar og svo þrír dagar sem leikskólar höfðu ráðstafað sjálfir hver fyrir sig á skólaárinu.

Óskað er eftir að starfs-/skipulagsdagarnir verði áfram sex á skólaárinu 2022-2023. Þeir verði áfram þrír sameiginlegir grunnskólunum, tveir verði áfram valdir af hverjum leikskóla fyrir sig en sá sjötti verði með nýrri framkvæmd. Jafnframt er lögð fram tillaga um breytingu á því hvernig þessi sjötti dagur verði ráðstafaður. Tillagan standi á milli tveggja leiða um það hvernig „sjötti dagurinn“ verði útfærður og aðeins önnur verði valin sem tekur þá til allra leikskólanna.

Í leikskólum hefur verið um langa hríð starfsmannafundir sem hafa hafist eftir að leikskóladegi lýkur. Margt af starfsfólki leikskólanna á ekki heimangengt á þessa fundi og hefur sl. ár jafnvel ekki verið sú mæting sem ætlast er til þegar um mikilvæga vinnufundi er að ræða. Þar sem stytting vinnuvikunnar er orðinn raunveruleiki og sveigjanleiki í atvinnulífinu því orðinn meiri þá er þessi tillaga hér lögð fram. Tillagan snýst því um að gera starfsfólki leikskóla kleift að funda á dagvinnutíma einu sinni mánuði (eða sem næst) og fara yfir þau mál sem eru skólastarfinu mikilvæg. Leiðirnar tvær sem um ræðir eru:

- Leið A: Að heimilt verði að nýta sjötta skipulagsdaginn sem fjóra morgunfundi, þ.e.a.s. tvo fyrir áramót og tveir eftir áramót eða 4x2 klst. Leikskólar opna þá kl. 10 umrædda daga.
- Leið B: Að skipta deginum í tvennt. Leikskólar opna um hádegi eða loka um hádegi (kl. 12). ½ dagur fyrir áramót og ½ dagur eftir áramót, eða 2x4 klst. Þetta gera því tveir morgnar á skólaárinu.

Hvor leiðin sem yrði valin myndi alltaf miða að því að umræddir dagar, hvort heldur í leið A eða B, myndu ekki vera í sama mánuði og hinir starfs-/skipulagsdagarnir fimm sem verða á skólaárinu.

Virðingarfyllt,

Jenný D. Gunnarsdóttir,
þróunarfulltrúi leikskóla